



Ársskýrsla 2017

Efnisyfirlit

| | |
|---|---|
| Efnisyfirlit..... | 1 |
| Starfsemin á árinu..... | 2 |
| Hitaveita | 4 |
| Vatnsveita | 5 |
| Fráveita..... | 6 |
| Rannsóknir og þróun..... | 7 |
| Samtök – dóttur og hlutdeildarfélag | 8 |
| Mannauðsmál..... | 8 |
| Styrkveitingar..... | 9 |



Starfsemin á árinu

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur ohf. (OH) stóð óhreyfð á árinu og hækkuðu gjaldskrárliðir hennar ekki til samræmis við þær vísitöluhækkningar sem urðu milli ára. Var sú ákvörðun tekin af stjórn félagsins með það að markmiði að notendur veitunnar nyttu góðs af jákvæðri niðurstöðu í rekstri Orkuveitu Húsavíkur.

Aðalfundur Orkuveitu Húsavíkur ohf. vegna starfsársins 2017, var haldinn í stjórnarsýsluhúsi Norðurþings á Húsavík hinn 13. apríl 2018. Drífa Valdimarsdóttir, fjármálastjóri og staðgengill sveitarstjóra fór með umboð sveitarfélagsins Norðurþings, eiganda OH.

Stjórnarformaður flutti ávarp og fór yfir rekstur og helstu framkvæmdir félagsins á liðnu starfsári.

Þá þökkuðu framkvæmdastjóri og stjórnarformaður samstarfsfólki, viðskiptavinum og íbúum og verktökum fyrir samstarfið á árinu.

Á aðalfundi var stjórn félagsins kjörin og er hún þannig skipuð, Erna Björnsdóttir, Guðmunur H. Halldórsson og Jónas Einarsson.



Varamenn í stjórn Orkuveitunnar voru kjörnir þeir, Sigurgeir Höskuldsson, Óli Halldórsson og Soffía Helgadóttir.



Breytingar urðu á stjórn félagsins seinnipart ársins 2017 þegar Erna Björnsdóttir, stjórnarformaður vék sæti vegna flutninga erlendis, en þá tók Sigurgeir Höskuldsson við keflinu sem stjórnarformaður OH og Jón Helgi Björnsson tók sæti varamanns í stjórn félagsins.

Núverandi stjórn Orkuveitu Húsavíkur er því skipuð Sigurgeiri Höskuldssyni, Guðmundi Halldóri Halldórssyni og Jónasi Heiðari Einarssyni.



Varamenn í stjórn Orkuveitu Húsavíkur eru Jón Helgi Björnsson, Óli Halldórsson og Soffía Helgadóttir.



HITAVEITA

- Húsavík
- Reykjahverfi
- Haftralækur
- Aðaldalur og Kinn

Vatnsveita

- Húsavík
- Hrístateigur
- Lundur
- Kópasker
- Leirhöfn
- Raufarhöfn

Fráveita

- Húsavík
- Hrístateigur
- Kópasker
- Raufarhöfn

Kjarnastarfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf.



Hitaveita

Helstu nýframkvæmdir hitaveitna sem ráðist var í á árinu, voru í tengslum við byggingu 22 nýrra íbúða PCC-SR á svæði E í Holtahverfi. Framkvæmdir við uppbyggingu á svæðinu hófust seinna en áætlað var, en vegna sveigjanleika í rekstri veitunnar og hæfni starfsmanna til þess að mæta óvæntum upppákomum, urðu vandamál sem sköpuðust í tengslum við þær tafir í algeru lágmarki.

Hafnar eru framkvæmdir við lagningu hitaveitu að væntanlegum sjóböðum á Húsavíkurhöfða og einnig veitulagna frá holum FE-01 við Norðurgarð og HU-01 á Húsavíkurhöfða, en fyrirhugað er að jarðsjór úr þeim holum verði nýttur sem baðvatn fyrir starfsemi Sjóbaða ehf. Samið var við G.Hjálmarsson ehf um jarðvegsframkvæmdir og veitulagnir, en Orkuveita Húsavíkur sér um efniskaup og tengingar veitulagna.


Viðhaldsframkvæmdum var sinnt í tengslum við bilanir í veitukerfi þegar þær komu upp, en eingin stór eða óvænt áföll stóðu upp úr í því samhengi sem vert er að nefna.

Í Aðaldal var endurnýjaður um 1800 m kafli stofnlagna og um 1200 m í heimæðum en í Reykjahverfi var endurnýjuð stofnlögn hitaveitu niður að sumarhúsum í landi Þverár í tengslum við byggingu veiðihúss þar.

Áform um lagningu hitaveitu í Kelduhverfi eru enn uppi á borðum, án þess þó að fengist hafi niðurstaða í landeigendamál í Ássandi. Ekki hefur verið mikil hreyfing á því máli undanfarið, en svo virðist sem það verði ekki leyst án aðkomu dómstóla. Í undirbúningi er að fá skuldbindandi vilyrði væntanlegra notenda veitunnar á veitusvæðinu um þátttöku, en það er forsenda þess að hægt verði að meta arðsemi framkvæmdarinnar og hvort forsendur séu fyrir henni.

Heitavatnssala árið 2017 var 194,0 m.kr. og tekjur af föstum gjöldum voru 19,4 m.kr. Sölutölur ársins 2016 voru til samanburðar 181,1 m.kr. og 19,0 m.kr. Á árinu 2017 voru seldir 1.742.022 m³ af heitu vatni, en til samanburðar voru seldir 1.945.466 m³ árið á undan.





Vatnsveita

Framkvæmdum við slökkviveitu að iðnaðarlóð Landsnets á Bakka lauk á árinu.

Ráðist var í virkjun hluta Bakkaárlinda til viðbótar við það sem áður hafði verið virkjað af Reyðarárlindum og tengt inn á veitukerfi slökkvivatns fyrir iðnaðarsvæðið á Bakka. Þessi framkvæmd var til þess að tryggja það magn slökkvivatns sem krafist er fyrir iðnaðarlóð PCC. Tryggt veður með viðeigandi hætti að vatn slökkviveitunnar sé neysluhæft og því mögulegt að nýta það í þeim tilgangi við framtíðaruppbyggingu iðnaðarsvæðisins á Bakka. Rennslismælingum verður framhaldið með það að markmiði að safna gögnum og staðfesta hver sveiflan er m.t.t. árferðis og árstíma.


Nýframkvæmd vatnsveitu í tenglum við uppbyggingu Holtahverfis og byggingu 22 nýrra íbúða PCC-SR lauk á árinu.

Hafnar eru nýframkvæmdir við vatnsveitu að væntanlegum sjóböðum á Húsavíkurhöfða, en í þeirri hönnun er einnig gert ráð fyrir byggingu hótels á höfðanum. Samið var við G.Hjálmarsson ehf um jarðvegsframkvæmdir og veitulagnir, en Orkuveita Húsavíkur sér um efniskaup og tengingar veitulagna að undanskildum fráveitulögnum.

Tekin var ákvörðun á stjórnarfundum félagsins í nóvember, að ekki skyldi ráðist í yfirtöku vatnsveitunnar að Þverá. Stuðst var m.a. við gögn um vænta arðsemi

verkefnisins frá Verkfræðistofunni Eflu, en niðurstaða athugunar leiddi í ljós að ekki var fjárhagslega hagkvæmt að ráðast í verkefnið.

Af fasteignum í Norðurþingi er greitt vatnsgjald sem innheimt er með fasteignagjöldum. Fyrirtæki á svæðinu greiða auk þess fyrir mælda notkun. Árið 2017 voru seldir 1.027.434 m³ samanborið 829.538 m³ árið 2016. Heildartekjur vatnsveitu (vatnsgjald seldir m³, tengigjöld og föst gjöld) voru 84,7 m.kr. árið 2017 en voru 79 m.kr. árið á undan.



Fráveita

Lagður var nýr stofn fráveitu á svæði E í Holthverfi ásamt heimæðum að 22 íbúðum PCC-SR á því svæði.

Hafnar eru framkvæmdir við fráveitu frá væntanlegum sjóböðum á Húsavíkurhöfða, en í þeirri hönnun er einnig gert ráð fyrir byggingu hótels á höfðanum. Samið var við G.Hjálmarsson ehf um jarðvegsframkvæmdir og veitulagnir, en Orkuveita Húsavíkur sér um efniskaup og tengingar veitulagna að undanskildum fráveitulögnum.

Gjöld vegna fráveitu eru innheimt með fasteignagjöldum. Tekjur ársins 2017 voru 64,4 m.kr. en voru 66,5 m.kr. árið á undan.




Rannsóknir og þróun

Dæluprófanir voru gerðar við „Dönsku laugina“, eða holu FE-01 sem staðsett er á Norðurgarði og til stendur að nýta til öflunar baðvatns fyrir Sjóböð ehf á Húsavíkurhöfða. Prófanir gáfu tilefni til bjartsýni, en um 15 l/s var dælt úr holunni í rúma viku til þess að sjá hvernig hún svaraði. Í ljós kom að niðurdráttur í holunni breytist með stöðu sjávar og því ljóst að sjór streymir í holuna, en hitastig jarðsjávarins var nokkuð stöðugur í kringum 30°C við þessa dælingu. Holan er hins vegar mjög grunn og ekki ennþá ljóst hvernig dælingu verður háttáð þegar holan verður tengd Sjóböðum ehf.



Í tengslum við væntanlegan rekstur sjóbaða á Húsavíkurhöfða var ráðist í efnagreiningar á holu FE-01 á Norðurgarði við skemmu Eimskips og voru það Íslenskar Orkurannsóknir sem sáu um þær greiningar. Þetta var gert svo hægt væri að bera þær niðurstöður saman við áður fengnar efnagreiningar úr holu HU-01 á Húsavíkurhöfða og áætla þannig þær útfellingar sem mögulega gætu orðið við blöndun vökva úr þessum tveimur holum.

Ráðist var í borun tilraunaholu við skólann á Raufarhöfn undir lok ársins með það að markmiði að athuga hvort þar væri að finna nýtanlegt vatn fyrir varmadælur til kyndingar á skólahúsnæði, íþróttahúsi og sundlaug. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða voru fengnir til verksins og var boruð 150 m djúp hola á lóð skólans við íþróttahús. Fyrstu vísbendingar lofa mjög góðu og gefa til kynna að þar sé að finna nægilegt vatnsmagn við ákjósanlegt hitastig fyrir rekstur varmadæla, en dæluprófanir eiga eftir að fara fram til þess að staðfesta þær vísbendingar.



Hugmyndavinna hefur verið í gangi varðandi þær lausnir sem eru mögulegar til þess að losna við sem mest af yfirborðsvatni úr fráveitukerfi bæjarins. Í fyrstu verður horft til þessa verkefna sem augljóslega skila skjótum árangri í þá átt og útheimta ekki stór fjárútlát veitunnar, en í kjölfarið verða lögð drög að heildarskipulagi varðandi framtíðarlausnir þessara mála.



Samtök – dóttur og hlutdeildarfélag

Orkuveita Húsavíkur ohf. er aðili að félagasamtökum og á hlutdeild í nokkrum félögum sem hér segir:

- Aðild að **Samorku** - samtökum orku- og veitufyrirtækja.
- 50,77% hlutur í **Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf.** sem er dótturfélag OH.
- 48,75% hlutur í **Hrafnabjargavirkjun hf.**
- 31,45% hlutur í **Íslenskri Orku ehf.**
- 13,78% hlutur í **Sjóböðum ehf.**
- 5,00% hlutur í **Mýsköpun ehf.**

Mannauðsmál

Nokkrar breytingar urðu í starfsmannahaldi Orkuveitu Húsavíkur á árinu.

Jón Friðrik Einarsson og Björn Ægir Grétarsson voru ráðnir undir stjórn Karls V. Halldórssonar til þess að sinna framkvæmdum og viðhaldi á veitumannvirkjum félagsins, en Snorri Sigurðsson var færður yfir til þjónustumiðstöðvar á Húsavík sem tækjamaður. Snorri mun þó áfram vera veitunni innan handar við helstu verkefni eftir þörfum, sem og og aðrir starfsmenn þjónustumiðstöðvar skv. rammaskemulagi.

Dagmar Kristjánsdóttir var ráðinn sem bókari hjá Orkuveitu Húsavíkur í stað Ingibjargar Árnadóttur, sem tók við starfi bókara Norðurþings á árinu.

Orkuveita Húsavíkur er því í fyrsta skipti í nokkurn tíma skipuð þeim fimm starfsmönnum sem gert er ráð fyrir að séu til staðar til þess að sinna starfsemi félagsins, þrír sem sjá um viðhald og framkvæmdir, ásamt tveimur starfsmönnum á skrifstofu félagsins.

Unnið er skv. rammaskemulagi sem felur í sér að veitustjóri er framkvæmdafulltrúi sveitarfélagsins og sér um daglegan rekstur veitna, ásamt því að þeir starfsmenn Orkuveitunnar sem sjá um viðhald og framkvæmdir eru nú starfsmenn þjónustumiðstöðvar Norðurþings. Bókhald, innheimta og uppgjör er nú á hendi fjármálasviðs Norðurþings..



Styrkveitingar

Á árinu 2017 skrifuðu Orkuveita Húsavíkur ohf. og íþróttafélagið Völsungur undir framlengdan samstarfs- og styrktarsamning til þriggja ára. Markmið Orkuveitunnar er að styðja Völsung í íþrótt- og uppeldishlutverki sínu auk þess að skapa jákvætt viðhorf til fyrirtækisins á starfssvæði félagsins.



OH styrkti Kiwanis á árinu til kaupa á flugeldum og til uppsetningar flugeldasýninga sem fóru fram í kringum áramótin. Var í kjölfarið gengið frá 3ja ára styrktarsamningi við klúbbinn til þess að gera honum kleift að sinna því starfi áfram.



OH gerði einnig styrktarsamning við Lista- og menningarsjóð Norðurljósa. Með því mun Orkuveitan vísa umsóknum um lista- og menningarmál til sjóðsins.



Orkuveitan veitti einnig fjölmarga minni styrki á árinu til ýmissa verkefna í samfélaginu.

